



Skýrsla um innra mat Glerárskóla

2023 - 2024

Gæðaráð Glerárskóla

Erna Kristín Kristjánsdóttir

Eyrún Skúladóttir

Hólmfríður Guðnadóttir

Hrafnhildur Guðjónsdóttir

Íris Dröfn Hafberg

Ragnar Logi Búason

Tómas Lárus Vilbergsson

27. júní 2024

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Inngangur.....	3
Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats.....	3
Langtímaáætlun um innra mat í Glerárskóla.....	4
Skólapúlsinn.....	5
Niðurstöður mats.....	6
Stjórnun og fagleg forysta.....	6
Nám og kennsla.....	6
Innra mat.....	7
Heildarniðurstaða innra mats - myndræn.....	7
Ársáætlun Glerárskóla - Innra mat.....	8
Símenntunaráætlun Glerárskóla 2024.....	9
Umbótaáætlun innra mats Glerárskóla 2024-2025.....	9
Lokaorð.....	9

Inngangur

Markmið mats og eftirlits með skólastarfi og þar með markmið innra mats, er að tryggja að starfsemi grunnskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða, aðalnámskrá grunnskóla og menntastefnu Akureyrarbæjar. Innra mati er ætlað, skv. aðalnámskrá grunnskóla 2011, að auka gæði skólastarfs og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á skv. lögum. Innra matinu er einnig ætlað að veita aðilum skólasamfélagsins og fræðsluyfirvöldum upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og umbætur.

Markmið Glerárskóla með innra mati er að stuðla að umbótum sem bæti skólastarfið og efli skólaþróun.

Mikilvægt er að skólastarfinu sé vörðuð leið að þeim markmiðum sem aðalnámskrá, menntastefna og skólanámskrá segja til um. Með innra mati í Glerárskóla er unnið að því að endurskoða og meta skólastarfið jafnt og þétt og gera umbætur í framhaldi af því.

Matið þarf að gefa upplýsingar um hvað þarf að aðlaga eða bæta til að skólinn nái þeim markmiðum sem hann hefur sett sér í stefnu skólans. Með innra mati er leitast við að auðvelda forgangsröðun þeirra verkefna og umbóta sem fyrir liggja og efla þá styrkleika sem fram koma í mati á skólastarfinu.

Viðmið skólans eru að umbætur skili 90-100% ánægju/árangri meðal starfsfólks og/eða nemenda og viðmiðum Menntastefnu Akureyrarbæjar.

Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats

Skólanámskráin og starfsáætlun Glerárskóla eru grundvöllur innra mats skólans. Markmið með mati er að fylgjast með því hversu vel skólinn nær þeim markmiðum sem þar eru sett fram.

Markmið skólans eru *að allir nemendur nái framförum í námi með viðeigandi náms og kennsluáðferðum, að störf kennara endurspegli stefnu og markmið skólans, að starfsfólki líði vel og sé ánægt í vinnunni og að góð samskipti séu við alla aðila skólasamfélagsins.*

Markmið er að kerfisbundið verði allir helstu þættir skólastarfsins metnir á 3 - 5 ára fresti. (Sjá langtímaáætlun).

Í Glerárskóla er leitast við að vinna að innra mati skólans á sem fjölbreyttastan hátt. Það er gert með því:

- að gera matsáætlun
- að nota mismunandi matstæki og ólíkar matsaðferðir
- að fá sem flesta í skólasamfélaginu til að taka þátt í matsvinnunni
- að vinna að umbótum í skólastarfinu út frá viðmiðum Menntastefnu Akureyrarbæjar, aðalnámskrá grunnskóla og skólastefnu Glerárskóla.

Með innra mati ætlum við í Glerárskóla að ná fram umbótum sem leiða til betra skólastarfs, betri námsárangurs nemenda og almennrar ánægju starfsfólks, nemenda og foreldra.

Glerárskóli byggir sjálfsmat sitt á matslistum s.s. Skólapúlsi, rýniviðtölum, könnunum, SVÓT greiningum og viðmiðum Menntastefnu Akureyrarbæjar ásamt skólastefnu Glerárskóla. Mats- og skráningarforrit sem nýtt er kallast BRAVOLesson.se.

Langtímaáætlun um innra mat í Glerárskóla

Viðfangsefni	2024-2025	2025-2026	2026-2027
Einkunnarorð: Hugur - hönd - heilbrigði			
Skólastefna Glerárskóla	Meta 2024-2025	X	X
Starfsánægja starfsfólks	Alltaf	Alltaf	Alltaf
Fagmennska starfsfólks	Innlit í kennslustofur 24-25	X	Innlit í kennslustofur 26-27
Ánægja og líðan nemenda	Skólapúlsinn	Skólapúlsinn	Skólapúlsinn
Nám og kennsla – Menntastefna Akureyrarbæjar og aðalnámskrá grunnskóla			
Inntak, árangur, framfarir	Skólanámskrá endurskoðuð í heild sinni	Skólanámskrá - endurskoðun framhald	Skólanámskrá - ljúka endurskoðun
Skipulag náms og námsumhverfi	X	Endurskoða þörf fyrir frekari umbætur	Endurskoða þörf fyrir frekari umbætur
Kennsluhættir, gæði náms og kennslu	Mat á árangri - Neisti og byrjendalæsi	Endurskoða - Menntastefna Akureyrarbæjar.	Endurskoða - Menntastefna Akureyrarbæjar.
Leiðsagnarnám í skólastarfi	Námsáætlanir/Námskrár - mat í lok árs	Endurskoðað	Endurskoðað
Námsmatsaðferðir	Námsmat skoðað og samræmt	Endurskoðað	Endurskoðað
Stjórnun og skipulag			
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Mat á innliti í kennslustofur - könnun hjá kennurum	Faglegur stuðningur stjórnenda - könnun	Mat á innliti í kennslustofur - könnun hjá kennurum
Samstarf heimila og skóla	x	Könnun meðal forráðamanna m.a. vegna nemendastýrðra viðtala	x
Agastefna JA	Námskeið fyrir forráðamenn 1.b. - könnun - nýja starfsmenn- könnun - allir starfsmenn - könnun	Námskeið fyrir forráðamenn 1.b. og nýja starfsmenn - könnun	Námskeið fyrir forráðamenn 1.b. og nýja starfsmenn - könnun - allir starfsmenn - könnun
Starfshættir, námsvísar, áætlanagerðir	Námsáætlanir/Námskrár - endurskoðun	Námsáætlanir/Námskrár - endurskoðun	Námsáætlanir/Námskrár - endurskoðun
Innra mat			
Skipulag	Í endurskoðun og uppfærslu	x	x

Framkvæmd innra mats (hversu vel stenst matsáætlun?)	Matsáætlun í stöðugri endurskoðun og uppfærð eftir þörfum	Matsáætlun í stöðugri endurskoðun og uppfærð eftir þörfum	Matsáætlun í stöðugri endurskoðun og uppfærð eftir þörfum
Umbótastarf í kjölfar innra mats (hversu vel gengur að bregðast við mati?)	Gæðaráð skoðar hversu vel hefur tekist til og gerir breytingar eftir þörfum í umbótaáætlun	Gæðaráð skoðar hversu vel hefur tekist til og gerir breytingar eftir þörfum í umbótaáætlun	Gæðaráð skoðar hversu vel hefur tekist til og gerir breytingar eftir þörfum í umbótaáætlun

Jafnframt eru lagðar til grundvallar mati skýrslur og vinna eftirfarandi stýrihópa og fastaráða sem eru:

ATH: Allar nefndir/teymi skili skýrslum þar sem fram kemur hvað var gert í vetur, hvernig það gekk og hvað þarf að gera í framhaldinu (umbótaáætlun) Gæðaráð útbýr eins form fyrir allar skýrslur og nefndir.

- Umhverfisnefnd
 - ☰ Umhverfisnefnd
- Erasmus+
 - ☰ Erasmus +
- Samskiptaráð
 - ☰ Samskiptaráð
- Öryggisnefnd
 - ☰ Öryggisnefnd
- Tækniteymi
 - ☰ Tækniteymi
- Læsis-teymi
 - ☰ Læsis-teymi
- Byrjendalæsi
 - ☰ Byrjendalæsi 2023 - 2024
- Jákvæður agi
 - ☰ Jákvæður Agi - teymið
- Leiðsagnarnám
 - ☰ Leiðsagnarnám
- Áfallaráð
 - ☰ Áfallaráð
- Jafnréttisráð
 - ☰ Jafnréttisráð
- Nemendaráð
 - ☰ Skýrsla nemendaráðs
- Forvarnarráð
 - ☰ Forvarnarteymi

Skólapúlsinn

Skólapúlsinn er vefkerfi sem veitir skólum stöðugan aðgang að nýjum upplýsingum sem aflað er með reglubundnum hætti um þætti sem tengjast virkni nemenda og líðan þeirra í skólanum.

Nýjar niðurstöður eru bornar saman við niðurstöður fyrri mælinga í skólanum.

Niðurstöður úr Skólapúlsi eru nýttar til umbóta í innra starfi skólans. Niðurstöðurnar eru kynntar og ræddar á starfsmannafundi að vori eða hausti. Niðurstöður sem teljast marktækt undir viðmiðum eru settar í umbótaáætlun skólans og unnið að því að efla þá þætti. Niðurstöður sem eru jákvæðar eru einnig nýttar til að efla starfið í skólanum á jákvæðan hátt.

Niðurstöður mats

Gert er ráð fyrir niðurstöðum í þremur þáttum. Þetta árið skilum við aðallega niðurstöðum tveggja þátta (1 og 2) en komum aðeins inn á síðasta þáttinn.

1. Stjórnun og fagleg forysta (ekki þetta árið)
2. Nám og kennsla
3. Innra mat

Stjórnun og fagleg forysta

Þessi þáttur innra mats var að hluta unninn á skólaárinu. Hér eru niðurstöður frá 2023 úr könnunum líkt og SKÓLAPÚLSINUM, Starfsmannakönnun Akureyrarbæjar og starfspróunarsamtölum sem gefið geta mynd af þessum þætti innra matsins. Gæðaráð (stjórnendur) hafa unnið úr niðurstöðum Starfsmannakönnunar Akureyrarbæjar sem lögð var fyrir vorið 2023 og kynnt var starfsmönnum á haustdögum sama ár.

Stjórnun og fagleg forysta		
Samvirkni í stefnumótun	Umbætur og innleiðing breytinga	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna
Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Starfsmannastjórnun og verkaskipting	

■ **RAUTT** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

■ **GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta

■ **LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi

■ **GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Nám og kennsla

Gögn sem nýtt voru til mats á námi og kennslu voru m.a. skýrslur stýrihópa, niðurstöður spurningalista vegna leiðsagnarnáms og niðurstöður starfspróunarsamtala. Umbætur má sjá í umbótaáætlun.

Nám og kennsla		
Inntak og námskrá	Skipulag náms	Líðan nemenda
Árangur náms	Námsvitund	
Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	

■ **RAUTT** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

■ **GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta

■ **LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi

■ **GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Innra mat

Gögn sem nýtt voru til að máta við ný markmið og viðmið um nám og kennslu voru fundargerðir, skýrslur stýrihópa, niðurstöður spurningalista og niðurstöður starfsþróunarsamtala.

Gæðaráð er enn að vinna að skipulagsbreytingum, verklagi og framkvæmd á innra mati. Umbætur koma í kjölfarið þegar búið er að vinna það skipulag sem framkvæma á með eftirfylgd.

Innra mat
Skipulag
Framkvæmd
Umbætur

■ **RAUTT** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

■ **GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta

■ **LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi

■ **GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Heildarniðurstaða innra mats - myndræn

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla			Innra mat
Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Líðan nemenda	Skipulag
Samvirkni í stefnumótun - stefnumótun og skipulag	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund		Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í	Leiðtogahæfni stjórnenda og	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka		Umbætur

skólasamfélaginu	starfsmanna				
Umbætur og innleiðingar breytinga					

■ **RAUTT** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

■ **GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta

■ **LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi

■ **GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Heildarniðurstaða er að margir matsþátta eru sterkir en enn þarf að vinna að því að gera innra matið heildstætt í framkvæmd og efla vitund og þátttöku nemenda áfram. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf er viðhaft í skólanum þó sú vinna sé alltaf í gangi. Við lok skólaársins 2026 er stefnt að því að 90% allra þátta verði flestir eða allir sterkir.

Ársáætlun Glerárskóla - Innra mat

Matsverkefni	Hvernig á að gera/meta?	Hver sér um matið?	Þátttakendur í matinu?	Viðmið – hvenær erum við ánægð	Hvenær á að meta?
Einkunnaorð	Hugur - hönd	-heilbrigði			
Ánægja og líðan nemenda	Tengslakannanir Skólapúls Eineltiskönnun Olweusar Nemendaviðtöl ö Nemendastýrð viðtöl?	Kennarar Deildarstjórar Námsráðgjafi	Nemendur	97% nemenda ánægðir eða mjög ánægðir. Líðan góð. Einelti undir 4,0% Annars umbætur	Skólapúlsinn 3-4x yfir árið. Eineltiskönnun í nóv./des Tengslakannanir í okt. og feb. Nem.viðtöl reglulega
Ábyrgð nemenda á eigin námi	Skólapúlsinn	Gæðaráð	Nemendur	Að 90% nemenda finni fyrir ábyrgð á eigin námi	Allt árið
Að efla áhuga á náttúrufræði	Skólapúlsinn	Gæðaráð	Nemendur	Að 90% nemenda finni fyrir efldum áhuga á náttúrufræði	Allt árið
Starfsánægja starfsfólks	Ánægjukönnun öryggisnefndar Starfsmannakönnun Ak. bæjar	Öryggisráð Stjórnendur Ak.bær	Allir starfsmenn	Þegar 95% starfsmanna eru ánægðir eða mjög ánægðir	Haust 2024 Starfsmannakönnunir Ak. bæjar
Fagmennska starfsfólks	Innlit stjórnenda í kennslu	Skólastjórnendur	Allir kennarar	Þegar viðmið um nám og framfarir eru 90% græn	Hver stjórnandi fer í heimsókn í


	Samtal stjórnenda og kennara				kennslustund og á samtal við kennara í framhaldinu. Fylgt eftir í starfsmannaviðtölum.
Jákvæður agi - bekkjarfundir	Könnun til kennara Kennsluskýrslur	Teymi um JA Gæðaráð	Starfsfólk	Allir nota bekkjarfundi eftir stefnu JA/Olweusar a.m.k. 1x í viku	Vor
Kennsluhættir Leiðsagnarnám	Rýnihópar kennara og stjórnenda	Allir kennarar	Kennarar og stjórnendur	Leiðsagnarnám - Allir nýti aðferðir leiðsagnarnáms	Reglulega yfir árið og að vori

Símenntunaráætlun Glerárskóla 2024

[Símenntunaráætlun Glerárskóla 2024 – 2025](#)

Umbótaáætlun innra mats Glerárskóla 2024-2025

Hér má sjá á myndrænan hátt hvernig vinna við umbótaáætlun gengur. 71% verkefna er enn í vinnslu, 14% verkefna hefur enn ekki verið byrjað á og 14% verkefna er lokið frá fyrra ári.



[Umbótaáætlun Glerárskóla 2024-2025.pdf](#)

Lokaorð

Skýrsla þessi um mat á skólastarfi var unnin 2023-2024 og verður birt á vef skólans í ágúst 2024.

Skýrslan fjallar um innra mat í Glerárskóla, matsáætlun skólans og matsgögn. Skýrslan var unnin að mestu á vordögum 2024 út frá því mati sem gert var á skólaárinu. Skýrslan dregur fram veikleika og styrkleika á ákveðnum þáttum skólastarfsins þar sem nemendur og starfsfólk skólans láta skoðanir sínar í ljós í viðhorfskönnunum, í einstaklingsvinnu og hópvinnu svo dæmi séu tekin.

Umbótaáætlun var unnin út frá þeim þáttum sem metnir voru. Forgangsverkefni voru valin og ákveðið með hvaða hætti þeim verði fylgt eftir. Leitast hefur verið við að tengja gagnaöflun við menntastefnu

Akureyrarbæjar, sýn skólans og þeim megin markmiðum sem fram koma í námskrá skólans, starfsáætlun og öðrum gögnum sem leiða starf Glerárskóla. Ljóst er að innra mat á skólastarfi er mikilvægur þáttur í því að fylgjast með framkvæmd þess og veitir gagnlegar upplýsingar um stöðu mikilvægra þátta skólastarfsins. Til að efla starf Glerárskóla verður innra mat á skólastarfinu eftt á næstu árum í tengslum við nýja menntastefnu Akureyrarbæjar.

Glerárskóli stefnir að því að nýta innra mat á skólastarfinu til þess að auka gæði skólastarfsins og til að efla anda og samhug starfsmanna, aðstoða nemendur til að ná meiri árangri og efla samstarf heimilis og skóla.